



Múlaþing  
Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík  
sími: 545 8400 postur@for.is  
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 5. júlí 2023  
Tilv.: FOR23070001/9.1.3

Efni: Umsókn um stofnun fasteignar (þjóðlendu), sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

*Heiti fasteignar:* Kverkfjöll (hluti Vatnajökuls í Múlaþingi máli nr. 1/2007 hjá óbyggðanefnd).

Landsvæði það sem hér óskast stofnað er þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2007, dags. 6. júní 2008. Um hana fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

*Landeigandi:* Íslenska ríkið, skv. 2. gr. laga nr. 58/1998

*Kennitala:* 540269-6459.

*Fyrirsvarsmáður:* Forsætisráðherra, skv. d-lið, 7. tölul. 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 125/2021 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

### *Skýring og fyrirvarar:*

Land innan eftirfarandi marka, þ.e. Kverkfjöll (hluti Vatnajökuls í Múlaþingi í máli nr. 1/2007 hjá óbyggðanefnd) er þjóðlenda. Afmörkun svæðisins er svohljóðandi, sbr. mál 1/2007 hjá óbyggðanefnd:

Um er að ræða þjóðlendu sem fer yfir sveitarfélagamörk á tveimur mismunandi stöðum og liggur því þjóðlendan ekki samfelld.

Texti sem er **feitiletraður** er tekinn beint upp úr úrskurði óbyggðanefndar en öðrum texta hefur verið bætt við eða breytt vegna skiptingar þjóðlendunnar á milli sveitarfélagsmarka.

Suðaustur hlutinn: Flatarmál 321 km<sup>2</sup>

**Að austan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Kverkár (j1b-1), til suðvesturs til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs og liggur frá Svíahnjúk eystri og til austurs í stefnu á miðja Breiðubungu. Þar sem fyrrnefnda línan sker þá síðarnefndu er hornmark (j1b-2). Þetta hornmark er á sama stað og hornmark sem fram kemur á korti Miðhálandisskipulags, nánar tiltekið þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker sömu línu og áður greindi á milli Svíahnjúks eystri og Breiðubungu. Frá hornmarkinu er sveitarfélagamörkum Þingeyjarsveitar og Múlaþings fylgt í jökuljaðar Kverkfjalla (j1b-3) á móts við punkt norðvestan við Vesturfjöll. Að norðan, á milli**

**framangreindra austur (j1b-1)- og vesturmarka (j1b-3) við jaðar Vatnajökuls, er jökuljaðrinum fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.**

Norður hlutinn: Flatarmál 12 km<sup>2</sup>

**Frá punkti í jökuljaðri Dyngjujökuls (j1b-4) staðsettur á beinni stefnu austur í Virkisfell. Þaðan áfram til norðurs eftir sveitarfélagamörkum Þingeyjarsveitar og Múlaþings að þeim stað þar sem Jökulsá á Fjöllum hefur aðalupptök sín í Dyngjujökli (j1b-5). Jökuljaðrinum fylgt til suðurs að upphafspunkti (j1b-4) og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.**

Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998.


Fyrir hönd ráðherra  
eftir umboði



*Regína Sigurðardóttir*  
Regína Sigurðardóttir

Fylgiskj.: Útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2007, dags. 06.06.2008.  
Landspildublað sem sýnir afmörkun Þjóðlendunnar, Kverkfjalla (hluti Vatnajökuls í Múlaþingi í máli nr. 1/2007 hjá óbyggðanefnd).





Hnitaskrá:

x-hnit (austur)	y-hnit (norr)	
11b-1	636226	479135
11b-2	606126	437340
11b-3	609219	466553
11b-4	609863	472642
11b-5	610754	481055

Skýringar:

- Hnitpunktur og númer hnitpunkts
- Almörkun landspláðu
- Flatarmál landspláðu
- Mörk sveitarfélaga
- Jökull
- Stöðuvain, á
- 20m- hæðarlinnur

Flatarmál: 333 km<sup>2</sup>

Línur sem liggja samsíða hafa sömu stöð-séningu.


Kortagrunnur á þessu korti er byggður á stafrænum gögnum Landmælinga Íslands í mælikvæða 1:50.000 (á 500V) og hnitakerfi ISN83.

Fyrirtæki er um nákvæmni hnitpunkta í hnitaskrá þar sem skilgreinur gata verð allir að 500 m. í rásarsýnging á almörkun þjóðlendur er ávallt reitinn ein hnit.

Grunnkort birt með leyfi Landmælinga Íslands.



FYLGIKORT MED UMSÓKN UM STOFNUN ÞJÓÐLENDU:



Landnúmer þjóðlendu: \_\_\_\_\_

Land innan eftirfarandi marka þ.e. hluti Vatnajökuls innan Múlapings (Kverkfjöll) er þjóðlenda. Almörkun svæðisins er svariþjóðandi, sbr. mál nr. 12/07 hjá byggingarnefnd og einng meðfylgjandi kort.

Um er að ræða þjóðlendu sem fer yfir sveitarfélagsmörk á tveimur mismunandi stöðum og liggur því þjóðlendan ekki samleidd.

Texti sem er **feiltraður** er tekinn beint upp úr úrskurði öbyggingarnefndar en öðrum texta hefur verið bætt við eða breytt vegna skiptingar þjóðlenduinnar á milli sveitarfélagsmarka.

Stöðustær hlutinn: Flatarmál 321 km<sup>2</sup>

**Að austan er miðað við línu sem dregin er frá Jodri Brúarjökuls, við upptök Kverkár (11b-1), til suðvesturs til skarðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs og liggur frá Svíahnjúk eystri og til austurs í stefnu á miðja Breiðubungu. Þar sem fyrnefnda línan sker þá síðarnefnda er hornmark (11b-2). Þetta hornmark er á sama stöð og hornmark sem fram kemur á korti Miðalandsríkisráðs, nánar tiltekið þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujúkul sker sömu línu og áður greindi á milli Svíahnjúks eystri og Breiðubungu. Frá hornmarkinu er sveitarfélagsmörkun Þingeyjarsveitar og Múlapings fylgt í jökulljadar Kverkfjalla (11b-3) á mós við punkt norðvestan við Vesturfjall. Á norðan, á milli Framangreindra austur (11b-1) og vesturmarka (11b-3) við Jodri Vatnajökuls er jökulljadarinn fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðl.**

Norður hlutinn: Flatarmál 12 km<sup>2</sup>

Frá punkti í jökulljodu Dyngjujúkuls (11b-4) stöðsettur á beinni stefnu austur í Virkisfelli. Þaðan áfram til norðurs eftir sveitarfélagsmörkun Þingeyjarsveitar og Múlapings að þeim stað þar sem Jökulsá á Fjöllum hefur aðalupptök sín í Dyngjujúki (11b-5). Jökulljadarinn fylgt til suðurs að upphafspunkti (11b-4) og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðl.

Landsvæði þetta er þjóðlenda og um silk landsvæði fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendu og ákvörðun markaðsáttanna, þjóðlenda og afsetta, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Landeigandi: Íslenska ríkið, skv. 2. gr. laga nr. 58/1998. Fyrirsvarsmáður: Fosterskiptingarátt, skv. d.Hó. 7. lögul. 1. gr. forsetisúrskurðar nr. 125/2021 um skiptingu stjórnmálafelna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Kennitala: 540269-6459

MKV - BLAÐSTÆRÐ	KORTI BREVITTI:	DAGS. KORT:	KORT NR.:
1:250.000 í A3		30.06.2023	SV6-J1B
SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN PANN:			

TEKNAÐ AF: SPAG  
 SAMÞYKKT AF: OH  
 VERK NR.: 206-027  
 AUSTURVESIÐ 800 SELFOSS  
 netfang: landform@landform.is  
 sími: 482 4090  
 vefling: www.landform.is  
 LANDFORM



## 7 ÚRSKURÐARORÐ<sup>429</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Grafarlönd austari og Herðubreiðarlindir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr Bræðraklifi í Hafragjá (G) er farið í Veggjafell (H), við austurjaðar Herðubreiðarfjalla, og þaðan til suðausturs, í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti (I) við línu sem liggur frá ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti (I) er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum (J). Þaðan ræður Jökulsá á Fjöllum til norðurs þar til komið er beint austur af Bræðraklifi í Hafragjá (M) og þeirri línu fylgt í Bræðraklif (G).*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Reykjahlíðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. sá hluti Ódáðahrauns sem liggur sunnan Bræðraklifs og norðan Dyngjujökuls, innan kröfusvæðis eigenda Reykjahlíðar, auk Ódáðahrauns vestan Öskju og á Trölladyngjusvæðinu, innan kröfusvæðis Skútustaðahrepps, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Þjóðlenda í Ódáðahrauni afmarkast í heild sinni svo:

*Frá upptökum Krossár (A) er dregin lína beina stefnu í austsuðaustur í suðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (B). Síðan er farið í Fjallöldu sem er við norðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (C). Frá þeim punkti er farið norðvestur í upptök Suðurár (D). Þaðan er farið beint í austur þar til Bláfjallshalar eru í norðri (E) en úr þeim punkti er farið beint í norður í suðurenda Bláfjallshala (F). Þá er farið austnorðaustur í Bræðraklif í Hafragjá (G). Þaðan er farið í Veggjafell, við austurjaðar Herðubreiðarfjalla (H), og þaðan til suðausturs, í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti (I) við línu sem liggur frá ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti (I) er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum (J). Þaðan ræður Jökulsá á Fjöllum að meginupptökum sínum í Dyngjujökli (K). Síðan er jökuljaðrinum fylgt til vesturs þar til komið er suður undir Gæsaahnjúk (L) og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Úr þeim punkti er farið norður aftur í fyrstnefndan punkt í upptökum Krossár (A).*

<sup>429</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Krepputunga, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá ármótum Kreppu og Jökulsár og Fjöllum (J) er Kreppu fylgt þar til Kverká rennur í hana og síðan Kverká að upptökum sínum í Brúarjökli (T). Síðan er jaðri jökulsins fylgt að meginupptökum Jökulsár á Fjöllum í Dyngjujökli (K) og er þá miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Loks ræður Jökulsá á Fjöllum að ármótum Kreppu (J).*

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Framdalafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Skjálfandafljóts í Rjúpnabrekkujökli (S) ræður fljótið þar til Krossá fellur í það (R). Ræður svo Krossá að upptökum sínum (A). Þaðan er farið í suður að jaðri Dyngjujökuls undir Gæsaahnjúki (L). Loks er jaðri jökulsins fylgt þar til kemur að fyrstnefndum upptökum Skjálfandafljóts í Rjúpnabrekkujökli (S). Er þá miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Einarstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga. Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir og kallað hefur verið „selland og afrettarland Skútustaða“, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Suðurár (D) er kröfulínu íslenska ríkisins fylgt til norðvesturs að punkti 4 í kröfulínu gagnaðila (N). Þaðan er kröfulínu gagnaðila fylgt til suðurs í Sandá (O) og þeirri á síðan fylgt þar til hún fellur í Skjálfandafljót (P). Ræður síðan fljótið til suðurs þar til Krossá fellur í það (R) en síðan er Krossá fylgt til upptaka sinna (A). Þaðan er farið beina línu í austsuðaustur í suðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (B). Síðan er farið í Fjallöldu sem er við norðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (C). Frá þeim punkti er farið aftur í upptök Suðurár (D).*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Skútustaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. hluti Vatnajökuls, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Að austan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Kverkár, til suðvesturs til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem*

*afmarkar svæðið til suðurs og liggur frá Svíahnjúk eystri og til austurs í stefnu á miðja Breiðubungu. Þar sem fyrrnefnda línan sker þá síðarnefnda er hornmark. Þetta hornmark er á sama stað og hornmark sem fram kemur á korti Miðhálandisskipulags, nánar tiltekið þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujúkul sker sömu línu og áður greindi á milli Svíahnjúks eystri og Breiðubungu.*

*Að vestan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Rjúpnabrekkujökuls, við upptök Skjálfandafljóts, og til suðausturs í Svíahnjúk eystri. Þaðan er línan dregin til austurs, í áðurnefnt hornmark.*

*Að norðan, á milli framangreindra austur- og vesturmarka við jaðar Vatnajökuls, er jökuljaðrinum fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu Þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan Þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Eigendur Brúar kr. 500.000 vegna Friðbjörns E. Garðarssonar hdl.

Eigendur Reykjahlíðar kr. 2.200.000, eigendur Voga kr. 600.000, eigendur Skútustaða og Skútustaðahreppur kr. 800.000, eigendur Einarsstaða kr. 500.000 og eigendur Grímsstaða kr. 500.000, vegna Ólafs Björnssonar hrl.

Eigendur Grænavatns kr. 460.000 vegna Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Eigendur Kasthvamms og Árhvamms kr. 60.000 og eigendur Árhóla og Hóla kr. 30.000 vegna Sigurðar Jónssonar hrl.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan framangreindrar þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Kristján

Torfason

---

Allan V.  
Magnússon

---

Benedikt  
Bogason